

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Snæfellsbæ

1. gr.

Leyfi til kattahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla ketti, en einungis eru leyfðir tveir fullorðnir kettir á hverju heimili.

2. gr.

Um leyfisgjöld

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna kattahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisveiting, kr. 13.100.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 18.675.-

Frestur til að skrá ketti er 2 vikur eftir að köttur er tekinn inn á heimili, en kettinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Innifalið í eftirlitsgjaldi katta er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, jafnframt merkispjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

4. gr.

Eftirlitsgjald

Af leyfðum köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- Fyrir hvern kött, kr. 10.600.-

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og köttur er skráður.

5. gr.

Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðra katta skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

- Fyrsta afhending kattar, kr. 12.625.-
- Önnur afhending kattar, kr. 25.250.-
- Fyrsta afhending kattar sem ekki er skráður, kr. 25.250.-

Óheimilt er að afhenda óskráðan kött nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem legs á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar vegna handsamaðs kattar.

- Verð pr. sólarhring pr. kött, kr. 2.400.-

6. gr.

Afsláttur af eftirlitsgjaldi

Framvísi eigandi tryggingaskírteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af eftirlitsgjöldum fyrir viðkomandi kött. Þessum skírteinum skal skilað árlega.

**7. gr.
Gjalddagi**

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu kattar er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

**9. gr.
Annað**

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ nr. 1485/2022.

Snæfellsbæ, 5. desember 2024

Lilja Ólafardóttir
bæjarritari